

Veiðimálastofnun,
Norðurlandsdeild,
Hólum í Hjaltadal,
551 Sauðárkrókur.


LAXÁ Í REFASVEIT 1986.

Tumi Tómasson

VEIÐIMÁLASTOFNUN

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-N/87009



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI
PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK
SÍMI 91-621811

VMST-N/87009
Hólum, maí 1987.

Inngangur

Dagana 5.-6. ágúst 1986 fór fram athugun á seiðastofnum Laxár. Framkvæmdin var með svipuðu sniði og undanfarin ár (Tumi Tómasson, 1985, 1986), og alls var rafveitt á 13 stöðum. Leitast var við að veiða á sömu stöðum og áður, og er stuðst við sama númerakerfi á veiðistöðum og áður (Mynd 1).

Niðurstöður

Niðurstöður rafveiðanna eru settar fram á Mynd 2 og í Töflu 1. Þar kemur í ljós að laxinn er enn að nema land í Laxá, og náttúruleg seiði fundust nú um 1 km fyrir ofan Skrapatungu, og á öllum rafveiðistöðum þar fyrir neðan.

Vöxtur náttúrulegra seiða hefur batnað. Seiði ná nú almennt göngustærð eftir þrjá vetur í ánni. Á veiðistað 9, fyrir neðan gömlu brúna, sést vel hve mikil áhrif gott skjól hefur á afkomumöguleika seiða. Á stað 9a, í lítilli kvísl með grýttum botni fengust fleiri, og umfram allt stærri seiði, en úti í aðalánni (9b), þar sem er skjóllítill strengur.

Eldisseiði sem sleppt var 1982 fyrir framan Núpahóla virðast nú loksins öll farin út. Sleppingarnar í Núpahólana virðast takast nokkuð vel. Ain er þar afar falleg, og seiðin fara flest út eftir tvo vetur í ánni.

Laxinn virðist ekkert vera farinn að nema land enn í Norðurá, þó þar séu góð uppeldisskilyrði neðantil, og einnig fram hjá Þverá. Seiðin vaxa vel í ánni, þurfa þrjá vetur fremst í henni, en fara flest út eftir tvo vetur neðst í ánni.

Ályktanir

Ræktunarskilyrði í Laxá þokast hægt framávið. Eftir að laxastigarnir voru endurbyggðir hefur allt kapp verið lagt á að nýta uppeldissvæði með seiðasleppingum, og án efa munu sleppingar halda áfram að vera mikilvægur þáttur í starfinu um einhvern tíma enn.

Fremst í Norðurá er vöxtur seiða það hægur, að ekki borgar sig að sleppa seiðum nema annað hvert ár. Þar má í vor sleppa seiðum frá Þverá, og um 3 km fram eftir. Eg tel nauðsynlegt að sleppa 1-1,5 seiðum á hvern lengdarmeter (1,5 neðst, 1 þegar ofar dregur). Þarna má því sleppa um 4000 seiðum, og umfram allt dreifa þeim vel. Árangurinn veltur að miklu leiti á að vel sé að sleppingunni staðið. Neðst í Norðurá má sleppa á um 1 km kafla, þar sem ain er grýtt, um 2-3 seiðum á hvern lengdarmeter, eða um 3000 seiðum.

I Laxá er óþarfi, og líklega jafnframt skaðlegt, að sleppa seiðum þar sem náttúruleg hrygning er nú. Þar má sleppa

seiðum í ána við Núpahólana, um 2 seiðum á hvern lengdarmeter, eða alls um 2000 seiðum. Fyrir framan Sneis mætti e.t.v. sleppa einhverju af seiðum á brotin, sem verða heldur grófari eftir því sem ofar dregur. Miðað við hve vöxtur var slakur á 81 og 82 sleppingunum, tel ég að ekki borgi sig að sleppa nema um 1 seiði á hvern lengdarmeter, og þá einungis á brotin, og ekki sleppa nema annað hvert ár. Frá Núpi og fram fyrir Sneis gætu þetta þá orðið um 2000 seiði, en þetta svæði er síst til uppeldis fallið af þeim vannýttu uppeldissvæðum sem um er að ræða.

Frjósemi vatnsins eykst yfirleitt eftir því sem neðar dregur í ánum. Hinsvegar nýtast þessir kostir ekki til fulls nema árbotninn sé stöðugur og þar skjól og fylgsni fyrir seiði. Víða má bæta uppeldisskilyrði töluvert neðantil í Laxá með því að aka grjóti í ána. Flestir virðast finna slíkri aðgerð til foráttu að áin muni ryðja slíku grjóti burtu jafnharðann. Eg vil þó eindregið hvetja menn til að gera smá tilraun, og setja nokkur bílhlöss á grunnt malarbrot einhversstaðar þar sem nú er náttúrulegt uppeldi t.d. fyrir framan Skrapatungu. Þá verður hægt að meta hver árangurinn yrði. Vel má vera að slíkt skilaði ekki síðri árangri en seiðasleppingar.

Að lokum vil ég hvetja veiðiréttareigendur til að safna góðum hreistursýnum af lögum úr veiðinni í sumar. Slík sýni gefa oft góða hugmynd um árangur sleppinga.

Heimildir


- Tumi Tómasson, 1985. Athugun á Laxá í Refasveit 1984. Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, skýrsla 6 bls.
- Tumi Tómasson, 1986. Laxá í Refasveit 1985. Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar, skýrsla 5 bls.

Tafla 1


Niðurstöður rafveiða í Laxá í Refasveit 5. og 6. ágúst 1986.
Staðsetning veiðistaða er sýnd í Mynd 1.

Fjöldi veiddra seiða.

| St. | Stærð veiðisv. | 0+ | 0+ss | Lax | | 2+ | 2+ss | 3+/4+ | Urr. | Bl. |
|-----|-------------------|----|------|-----|------|----|------|-------|------|-----|
| | | | | 1+ | 1+ss | | | | | |
| 2 | 50x7m | - | - | - | - | - | - | 1 | 2 | - |
| 4 | 25x14m | - | 7 | - | 4 | - | - | - | 1 | - |
| 5 | 35x12m | - | 2 | - | 11 | - | 1 | - | - | 1 |
| 6 | 40x10m | - | - | 5 | - | - | - | - | 2 | - |
| 7 | 20x20m | 1 | 5 | 14 | 4 | - | - | - | 1 | - |
| 8 | 34x15m | 1 | 38 | 5 | 8 | - | - | - | 4 | 1 |
| 9a | 50x10m | 5 | - | 23 | - | 8 | - | - | 6 | - |
| 9b | 33x10m | 7 | - | 3 | - | 1 | - | - | - | - |
| 12 | 25x20m | 7 | - | 16 | - | 6 | - | - | 1 | - |
| 14 | 50x6m | - | - | - | 3 | - | - | 1 | - | - |
| 15 | 50x10m | - | - | - | 16 | - | 9 | - | - | - |
| 16 | 27x13m | - | 3 | - | 7 | - | - | - | - | - |
| 17 | 32x14m | - | 16 | - | 10 | - | - | - | - | - |



Mynd 1. Rafveiðistaðir í Laxá í Refasveit 5.-6. ágúst 1986.



Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í Laxá í Refasveit 5.-6. ágúst 1986, eftir veiðistað (Mynd 1).